

Mál nr. 267/2013
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Árekstur á bílaplani þegar ekið var á bílhurð sem var opnuð þ. 22.7.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.15.8.2013 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V-1 dags. 2.9.2013
3. Bréf V-2 dags. 21.8.2013.

Málsatvik.

Árekstur varð á bílaplani við Olís í Álfheimum í Reykjavík. A var lagt í stæði og opnaði ökumaður bílhurðina og var að stíga út þegar B var ekið framhjá á opna hurð A. Vitni að atburðinum segir m.a. að ökumaður A hafi verið rétt búinn að opna bílhurðina þegar B hafi ekið á hana. Ökumaður A segist hafa lagt í stæði og verið að opna hurðina og ekki verið alveg búin að opna þegar hún hafi séð eitthvað stórt til hliðar sem hafi opnað hurðina á A upp á gátt og haldið síðan áfram. Ökumaður B segist hafa verið á réttri leið og hurðin hafi komið honum að óvörum.

Álit.

Af gögnum málsins og framburðum aðila og vitnis, verður ekki annað ráðið en að ökumaður A hafi opnað bílhurð í þann mund sem B ók framhjá bifreiðinni. Samkvæmt 5.mgr. 27.gr. laga nr. 50/1987 umferðarlaga skal opna dyr ökutækis þannig að ekki valdi hættu eða óþarfa óþægindum. Þessa gætti ökumaður A ekki og ber alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök

Reykjavík 17.9.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.